



Lítið eða stórt vistspor?

Verkefni 6-12 ára

Markmið: Að nemendur átti sig á hvað vistspor er og geti fundið leiðir til þess að minnka vistspor sitt og skólans.

Fræðsla:

Nemendur fá fræðslu um orku og vistspor [hér](#)

Verkefnið:

1. Fótsporin teiknuð: Nemendur teikna eða stimpla með málningu tvö stór fótspor á blað.
2. Vinstra fótspor – Þunga sporið: Hér skrifa þau eða teikna hluti sem stækka vistsporið og nota mikla orku (t.d. að gleyma að slökkva ljós, fara í mjög langa sturtu eða kaupa dót sem þau þurfa ekki).
3. Hægra fótspor – Létta sporið: Hér skrifa þau hugmyndir að því hvernig þau ætla að minnka vistsporið sitt og spara orku (t.d. labba í skólann, slökkva á tölvunni eða fara vel með fötin sín).
4. Umræður: Ræðið saman hvort sporið sé þyngra í dag og hvernig þau geti hjálpast að við að gera „létta sporið“ stærra í skólanum

Aðrir möguleikar:

Hvaðan kemur dótið mitt?

Nemendur átta sig oft ekki á því að vistspor snýst líka um hlutina sem við eigum.

Framkvæmd: Kennari kemur með nokkra algenga hluti (t.d. síma, banana, plastflösku, bók).

Nemendur velta hlutunum fyrir sér: „Hvaðan kom hann upprunalega?“ og „Er hann úr náttúrunni?“

Einnig hægt að bera tvo hluti saman, hvort ætli það stækki vistsporið meira að kaupa bók eða síma?

Lögð er áhersla á að jafnvel hlutir úr verksmiðjum eru búnir til úr efnum frá jörðinni. Með því að kaupa minna og fara betur með það sem við eigum, minnkum við vistsporið